

4.fundur hreppsnefndar Árneshrepps, haldinn þriðjudaginn 23.apríl 2024. Fundurinn verður haldinn í fjarfundi og hefst kl. 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði 1, Bjarnheiður Júlía Fossdag Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf og Sigurður M. Þorvaldsson hjá Sorpsamlagi Strandasýslu eru gestir nefndarinnar og taka þátt í umræðum með ráðgjöf og upplýsingum, hvort á sínu sviði.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá;

**Stóru verkefni;**

1. Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2023.
2. Ljósleiðara- og þrífösun, lokaáfangi.
3. Norðurfjarðarhöfn, staða mála.

**Mál í vinnslu:**

1. Úrgangsmál, kynning. Sigurður Marri mætir á fundinn.
2. Fundargerð byggingarfulltrúa frá fundi hans, skipulagsfulltrúa og byggingar- og skipulagsnefndar Árneshrepps. Lögð fram til umræðu og samþykktar. Lóðamál í Djúpavík, tölvupóstur v. Vegagerðina, deiliskipulag í Norðurfirði 1.
3. Undirbúningur fyrir sumarið; Skólinn-leigumálin, samningur um Kaffihús, dagsetning íbúafundar, framkvæmdir við bílskúr, undirbúningur fyrir varmadælu í skólann, rafmagnsmál í verslunarrýminu.
4. Gjaldskrá fyrir Norðurfjarðarhöfn, vigtarmenn og fleira tengt höfninni.
5. Strandanefndin, samantekt.
6. Brothættar byggðir, verkefnisstjórn mun funda 24.apríl.
7. Póstmálin, í ljósi nýrra aðstæðna.
8. Teikningar af verslunarhúsi, og kaffihúsi vegna skráningar íbúða.
9. Nýtt aðalskipulag, koma málinu af stað.

**Stóru verkefni;**

1. Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2023. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf er með hreppsnefnd vegna fyrri umræðu um ársreikninga fyrir árið 2023.

2. Ljósleiðara- og þrífösun, lokaáfangi. Leiða þarf til lykta þau tilfelli þar sem íbúar/ notendur hafa lent í að borga tvöfalt. Stefnt er að því að byrja strax og þornar um á því að leggja í hús á Gjögri og nágrenni, að því tilskyldu að íbúar óski eftir að lagt verði inn í hús hjá þeim. Ennfremur er brýnt að klára byggingar í Norðurfirði og síðan áfram norður í Krossnes og Fell í samráði við eigendur. Einnig er vonast til hægt verði að ljúka við að raftengja hús á Eyri þar sem íbúar þar hafa óskað eftir að fá rafmgn tengt til sín. Haldið verður fundur með Orkubúinu við fyrsta tækifæri.
3. Norðurfjarðarhöfn, staða mála. Farið verður í þau verkefni sem eru eftir af hafnarverkefninu og náði ekki að klára síðasta haust. Ekki alveg ljóst hvenær hægt verður að hefja verkið að nýju.

316.

### Mál í vinnslu:

1. Úrgangsmál, kynning. Sigurður M. Þorvaldsson mætir á fundinn. Mikil umræða varð um alla möguleika og hvaða lausnir eru framkvæmanlegar sem skref í því að koma sörp- og úrgangsmálum í Árneshreppi í gott horf. Mismunandi ílát þarf fyrir mismunandi rusl og fyrir utan heimatunnur þarf svo að velja staðsetningar fyrir safnstöðvar og botnlangastöðvar. Ísafjarðarbær þarf framvegis að greiða fyrir úrgang sem kemur frá Hornströndum. Fyrirtæki í sveitarfélaginu þurfa framvegis að gera samning um þjónustu varðandi sorphirðingu. Hreppsnefnd mun halda áfram umfjöllun um úrgangsmálin á næsta fundi til þess að hægt verði að taka ákvarðanir og ganga frá málum í sumar.
2. Fundargerð byggingarfulltrúa frá fundi hans, skipulagsfulltrúa og byggingar- og skipulagsnefndar Árneshrepps. Lögð fram til umræðu og samþykktar. Lóðamál í Djúpavík, tölvupóstur varðandi Vegagerðina, deiliskipulag í Norðurfirði 1. Hreppsnefnd fór yfir fundargerðina og ræddi alla liði hennar hvern fyrir sig.
  - a) 1 Lóðir í Djúpavík, farið yfir málið, hreppsnefnd vill benda á að umræddar lóðir voru seldar einstaklingum löngu áður en vegur var lagður í gegnum þorpið. Ekki kemur til greina að farið verði fram á breytingu á núverandi vegarstæði, sem verða óbreyttir þó svo að Vegagerðin fari í breytingar á veginum og hann lagður fyrir ofan þorpið.
  - b) 2. Byggingarleyfi fyrir Baskasetur, hreppsnefnd samþykkir niðurstöðu byggingar- og skipulagsnefndar.
  - c) 3. Deiliskipulag í Norðurfirði 1, hreppsnefnd ræddi málið, styður og samþykkir framlagða tillögu um auglýsingu á deiliskipulaginu samkvæmt 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga.
  - d) 4. Sveitarstjórn samþykkir umsókn um byggingarleyfi að Hulduborgum með fyrirvara um samþykkt deiliskipulagsins og að fullnægjandi gögnum sé skilað til byggingarfulltrúa.
1. Undirbúningur fyrir sumarið; Skólinn-leigumálin, samningur um Kaffihús, dagsetning íbúafundar, framkvæmdir við bílskúr, undirbúningur fyrir varmadælu í skólann, rafmagnsmál í verslunarrýminu. Búið er að leigja öll herbergin í skólanum í sumar til sjómanna, starfsfólks kaffihúss og fyrir aðra starfsmenn sem eru að koma til starfa í

sveitinni. Samningurinn um Kaffihúsið verður undirritaður í byrjun maí og flest það sem nefnt er hér að ofan er komið af stað og undirbúningur hafinn.

2. Gjaldskrá fyrir Norðurfjarðarhöfn, vigtarmenn og fleira tengt höfninni. Eins og ákveðið var við gerð fjárhagsáætlunar þessa árs hefur gjaldskráin verið hækkuð um 4%. Ákveðið var að auglýsa eftir fólki sem hugsanlega vill fara á löggilt vigtarnámskeið á vegum sveitarfélagsins.
3. Strandanefndin, samantekt. Arinbjörn fór yfir það sem helst hefur verið í gangi varðandi störf nefndarinnar. Ekki er talið að nein breyting verði á afstöðu til starfa nefndarinnar þó að stólaskipti hafi orðið í ríkisstjórninni. M.a. hefur komið til tals að framlengja verkefnið Brothættar byggðir. Einnig hefur verið rætt um sameiningu sveitarfélaga á Ströndum, og bættar samgöngur.
4. Brothættar byggðir, verkefnisstjórn mun funda 24.apríl. Rætt var að virkja þurfi yngra fólkið til starfa og vinna meira úr þeim gögnum sem til eru frá fundum þeirra með verkefnisstjóra/verkefnisstjórn. Einnig kom fram að afrakstur íbúafunda sem haldnir hafa verið síðustu 4 til 5 ár mættu vera aðgengilegri fyrir þá sem ekki voru á þeim og ef fólk vildi almennt rifja upp það sem fram hefur komið á þeim fundum. Þar sem samið hefur verið um það að Skúli Gautason komi til starfa hjá hreppnum í 30% starfi í 6

317.

mánuði frá 1.maí n.k. þá opnast möguleikar á að fá hann til þess að styðja við og opna umræðu um ýmis verkefni fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

1. Póstmálin, í ljósi nýrra aðstæðna. Núverandi landpóstur Árneshrepps hefur sagt upp starfi sínu og óskað hefur verið eftir því að við íbúar aðstoðum Póstinn við að finna eftirmann í starfið.
2. Teikningar af verslunarhúsi, og kaffihúsi vegna skráningar íbúða. Arinbjörn ætlar að tala við GM Teiknistofu sf og athuga hvaða upplýsingar vantar til þess að klára teikningar svo að hægt sé að skrá íbúðirnar rétt og þar með fá niðurgreiðslur af rafmagnsnotkun.
3. Nýtt aðalskipulag, koma málinu af stað. Núgildandi aðalskipulag gildir frá 2005 til 2025 og mun það gilda þar til annað aðalskipulag verður fullfrágent. Oddviti hefur átt samtal við skipulagsfulltrúa Árneshrepps og á næstu vikum verður gengið frá samningi við einhvern aðila (verkfræðistofu) sem mun verða hreppsnefnd innan handar í þessu stóra verkefni sem framundan er.

Oddviti óskaði samþykkis á því að eitt mál til viðbótar yrði tekið fyrir, var það samþykkt og er skráð hér á eftir sem mál nr. 13, sem er liður í vinnu við Svæðisskipulag Vestafjarða;

13.Lýsing Svæðisskipulags Vestfjarða

Fyrir liggur skipulags- og matslýsing fyrir gerð Svæðisskipulag Vestfjarða. Ákvörðun um

að vinna svæðisskipulag fyrir Vestfirði byggir á ályktun 67. frá Fjórðungspingi Vestfirðinga.

Svæðisskipulag Vestfjarða er sameiginleg stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum um byggðaðróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna. Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir tillögu að skipulags- og matslýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða, en áskilur sér rétt til þess að senda tillögur og athugasemdir á seinni stigum.

Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn 6.maí n.k.  
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00.